

Nr. 502/1999.

Mánudaginn 10. janúar 2000.

**Jón Brynjólfsson og
Magnús B. Brynjólfsson**

(Magnús Björn Brynjólfsson hdl.)

gegn

Ágústi Sigurðssyni

Ásgerði Pálsdóttur

(Othar Örn Petersen hrl.)

Glaumbæ ehf.

Brynjólfi Friðrikssyni

Óskari E. Ólafssyni

(Stefán Geir Þórisson hrl.)

Gróu M. Lárusdóttur

(Ingi Tryggvason hdl.)

**Framleiðsluráði landbúnaðarins og
íslenska ríkinu**

(Guðrún M. Árnadóttir hrl.)

Kærumál. Samaðild. Frávísunarúrskurður staðfestur.

ÁS og ÁP seldu fullvirðisrétt til mjólkurframleiðslu frá jörðinni G. J og M áttu hlutdeild í jörðinni. Þeir stefndu ÁS og ÁP ásamt kaupendum fullvirðisréttarins, Framleiðsluráði landbúnaðarins og ríkinu til að þola ógildingu samninga um söluna. Úrskurður héraðsdóms um að vísa ógildingarkröfunni frá dómi var staðfestur vegna þess að á skorti að allir eigendur jarðarinnar G væru aðilar að málinu.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramirnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðilar skutu málinu til Hæstaréttar með kæru 15. desember 1999, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 29. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Norðurlands vestra 3. desember 1999, þar sem vísað var frá dómi aðalkröfu sóknaraðila um ógildingu á samningum um sölu á greiðslumarki mjólkur frá lögbýlinu Geita-skarði í Engihlíðarhreppi og varakröfu um greiðslu skaðabóta úr hendi íslenska ríkisins, en ákveðið að varakrafa þeirra um skaðabætur úr

hendi varnaraðilanna Framleiðsluráðs landbúnaðarins, Ágústs Sigurðssonar og Ásgerðar Pálsdóttur sætti efnismeðferð. Kæruheimild er í j-lið 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sónknaðilar krefjast þess að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt fyrir héraðsdóm að taka aðalkröfu þeirra til efnismeðferðar. Þá er krafist málskostnaðar vegna þessa þáttar málsins í héraði auk kærúmálskostnaðar, en til vara að kostnaður verði felldur niður.

Varnaraðilar krefjast þess að úrskurður héraðsdómara verði staðfestur og sóknaraðilum gert að greiða sér kærúmálskostnað.

Svo sem fram kemur í hinum kærða úrskurði eiga sóknaraðilar minnihluta í útskiptum hluta Geitaskarðs, nyrst á jörðinni, í óskiptri sameign með fjórum bræðrum sínum, en auk þess lítinn hluta í mannvirkjum á jörðinni með nefndum bræðrum sínum og varnaraðilunum Ágústi Sigurðssyni. Aðalkrafa þeirra lýtur að ógildingu á ráðstöfun réttinda, sem þeir telja sig eiga á grundvelli þessa eignarhluta síns. Bræður sóknaraðila eru ekki aðilar að máli þessu. Ljóst er að aðalkrafa sóknaraðila um ógildingu samninganna í heild varðar ekki síður hagsmuni bræðra þeirra en hagsmuni þeirra sjálfra. Verður því samkvæmt 2. málsl. 2. mgr. 18. gr. laga nr. 91/1991 að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um að vísa kröfu þessari frá dómi. Sónknaðilar hafa ekki gert kröfu um að hnekkt verði þeirri ákvörðun héraðsdóms að vísa frá dómi kröfu þeirra um fjárgreiðslu úr ríkissjóði og kemur hún því ekki til endurskoðunar.

Það athugast að í úrskurðarorði héraðsdóms kemur ekki greinilega fram að varakröfu sóknaraðila á hendur landbúnaðar- og fjármálaráðherra f.h. ríkisins er vísað frá dómi.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sónknaðilar, Jón Brynjólfsson og Magnús B. Brynjólfsson, greiði óskipt hverjum varnaraðila, Ágústi Sigurðssyni, Ásgerði Pálsdóttur, Glaumbæ ehf., Brynjólfi Friðrikssyni, Gróu M. Lárusdóttur, Óskari E. Ólafssyni, Framleiðsluráði landbúnaðarins og íslenska ríkinu, 15.000 krónur í kærúmálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands vestra 3. desember 1999.

I.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 5. nóvember sl. um framkomna frávísunarkröfu allra stefndu utan Framleiðsluráðs landbúnaðarins, er höfðað af Magnúsi Birni Brynjólfssyni, kt. 010853-3469, Aflagrandi 31, Reykjavík, og Jóni Brynjólfssyni kt. 201049-7849, Víðihlíð 6, Sauðárkróki, með stefnu útgefinni 15. febrúar sl. en þingfestri 3. mars sl., á hendur Ágústi Sigurðssyni, kt. 050545-2969, Ásgerði Pálsdóttur, kt. 030246-7999, báðum til heimilis að Geitaskarði, Engihlíðarhreppi, A-Húnavatnssýslu, Glaumbæ ehf., kt. 510895-2159, Skriðulandi, Engihlíðarhreppi, A-Húnavatnssýslu, Gróu Margréti Lárusdóttur, kt. 051258-4389, Brúsastöðum, Áshreppi, A-Húnavatnssýslu, Óskari E. Ólafssyni, kt. 251059-3739, Steiná, Bólstaðarhlíðarhreppi, A-Húnavatnssýslu, Framleiðsluráði landbúnaðarins, kt. 560169-0439, Bændahöllinni við Hagatorg, Reykjavík, landbúnaðarráðuneytinu, kt. 710169-0559, Sölvhólsögðu 7, Reykjavík, og fjármálaráðuneytinu, kt. 550169-2829, Arnarhváli, Reykjavík.

Með sakaukastefnu þingfestri 7. apríl sl. höfðuðu stefnendur mál á hendur fjórum sameigendum sínum að fjórðungi lögbýlisins Geitaskarðs í Engihlíðarhreppi. Með stefnunni freistuðu þeir þess að koma sameigendum sínum inn í mál þetta þ.a. þeir yrðu án vafa bundnir af niðurstöðu dómsins. Með úrskurði uppkveðnum 25. maí sl. var málinu vísað frá héraðsdómi og staðfesti Hæstiréttar Íslands þá niðurstöðu með dómi sínum þann 24. ágúst sl.

Endanlegar dómkröfur stefnenda.

Stefnendur krefjast þess aðallega að samningar um sölu greiðslumarks mjólkur, að heildarmagni 54.061 lítrar á ársgrundvelli, frá lögbýlinu Geitaskarði, Engihlíðarhreppi, verði dæmdir ógildir.

Til vara krefjast stefnendur skaðabóta að fjárhæð 698.008 krónur eða hæstu bóta að mati réttarins in solidum úr hendi stefndu, Ágústs Sigurðssonar, Ásgerðar Pálsdóttur, Framleiðsluráðs landbúnaðarins, og landbúnaðar- og fjármálaráðherra. Þá er gerð krafa um greiðslu dráttarvaxta af 250.264 krónum frá 21. apríl 1997 til 4. september 1997 en af 698.008 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefndu samkvæmt gjaldskrá Magnúsar B. Brynjólfssonar hdl. eða að mati dómsins að viðbættum virðisaukaskatti skv. lögum nr. 50/1988.

Undir rekstri málsins féllu stefnendur frá kröfu sinni um að nefndum sölu-samningum verði rift.

Dómkröfur stefndu.

Stefndu Ágúst Sigurðsson og Ásgerður Pálsdóttir krefjast aðallega frávísunar málsins og að þau verði sýknuð af varakröfu stefnenda. Til vara að fjárkröfur stefnenda verði lækkaðar verulega og málskostnaður verði felldur niður. Verði

ekki fallist á kröfu þeirra um frávísun málsins þá krefjast þau sýknu af öllum kröfum stefnenda. Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnenda skv. málskostnaðarreikningi og þá verði tekið tillit til skyldu stefndu til að greiða virðisaukaskatt á málflutningsþóknun.

Stefndu Glaumbær ehf., Brynjólfur Friðriksson og Óskar E. Ólafsson krefjast þess aðallega að málinu verði vísað frá dómi. Til vara sýknu af öllum kröfum stefnenda. Til þrautavara að nái ógildingarkrafa stefnenda fram að ganga nái hún einungis til 8,33% af þeim fullvirðisrétti sem stefnendur keyptu. Í öllum tilfellum er krafist málskostnaðar að viðbættum virðisaukaskatti úr hendi stefnenda in solidum að mati dómsins eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Stefnda Gróa Margrét Lárusdóttir (ranglega sögð Gróa María í greinargerð) krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá dómi. Til vara sýknu af öllum kröfum stefnenda. Til þrautavara er þess krafist, nái riftunarkrafa stefnenda fram að ganga, að hún taki aðeins til 8,33% af 10.383 lítra fullvirðisrétti í mjólk, sem stefnda keypti. Jafnframt er þess krafist að stefnendur verði, in solidum, dæmdir til að greiða stefndu málskostnað samkvæmt mati dómsins auk virðisaukaskatts á málflutningsþóknun.

Stefndu landbúnaðar- og fjármálaráðherrar krefjast þess aðallega að málinu verði vísað frá dómi. Til vara sýknu af öllum kröfum stefnenda. Í þessum tilvikum er krafist málskostnaðar, in solidum, úr hendi stefnenda að mati dómsins. Til þrautavara er krafist stórlegrar lækkunar krafna stefnenda og að í því tilfelli verði málskostnaður felldur niður.

Stefnda Framleiðsluráð landbúnaðarins krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnenda. Til vara að kröfur stefnenda verði lækkaðar verulega. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnenda.

II.

Málavextir.

Á árinu 1975 hófu stefndu Ágúst og Ásgerður búskap á jörðinni Geitaskarði í Engihlíðarhreppi, A-Húnavatnssýslu, en þá afsalaði Sigurður Brynjólfsson faðir stefnda Ágústs honum helming af eignarhluta sínum í jörðinni. Þá átti stefndi Ágúst 3/8 hluta jarðarinnar eins og faðir hans Sigurður en faðir stefnenda, Brynjólfur Þorbjarnarson, 2/8 hluta. Á árinu 1982 eignaðist stefndi Ágúst hlut föður síns í jörðinni. Á þessu sama ári afsalaði Brynjólfur Sigurðsson sínum eignarhluta til sex sona sinna sem þeir eiga nú í óskiptri sameign, 4,1667% hver.

Með land- og eignaskiptasamningi gerðum 18. desember 1982 var jörðinni skipt þannig að afmarkaður hluti nyrst á jörðinni skyldi vera eign Brynjólfs Þorbjarnarsonar. Í samningnum er að finna lýsingu á því hvernig fjórðungur Brynjólfs skuli afmarkast. Þá var ákvæði þess efnis að eigendur skyldu setja upp

gripahelda girðingu á merkjum og að mannvirki á jörðinni skyldu vera í sameiginlegri eign í hlutfalli við eignarhlut í jörðinni. Einnig er í samningi þessum kveðið á um notkun á íbúðarhúsi og hvernig skuli fara með kostnað vegna viðhalds á mannvirkjum.

Fyrir liggur að stefnendur eða bræður þeirra hafa ekki stundað landbúnað á jörðinni. Stefndu Ágúst og Ásgerður hafa hins vegar stundað þar búskap.

Á árinu 1997 tóku stefndu Ágúst og Ásgerður þá ákvörðun að hætta framleiðslu á mjólk og í framhaldi af því seldu þau greiðslumark til mjólkurframleiðslu alls 19.383 lítra vegna verðlagsársins 1996/1997 og 34.678 lítra vegna verðlagsársins 1997/1998. Nánar sundurliðað skiptist salan þannig: Stefndi Óskar E. Ólafsson keypti 6.000 lítra. Stefndi Brynjólfur keypti samtals 18.000 lítra, fyrst 3.000 lítra og síðar 15.000 lítra. Stefnda Gróa M. Lárusdóttir 10.383 lítra. Loks voru seldir 19.678 lítrar til stefnda Glaumbæjar ehf. Samtals var sölu- andvirði þessara samninga 8.467.370 krónur.

Stefnendur segjast hafa frétt af sölu greiðslumarksins í júní 1997. Framleiðsluráð landbúnaðarins hafi þá verið búið að samþykkja sölu á 19.383 lítrum til stefndu Brynjólfs, Gróu og Óskars. Hins vegar hafi Framleiðsluráðið ekki verið búið að samþykkja sölu á tveimur samningum til stefndu Brynjólfs annars vegar og Glaumbæjar ehf. hins vegar, samtals 34.678 lítrar. Stefnandi Magnús kveðst hafa skorað á seljendur og kaupendur og Framleiðsluráðið að farið yrið að lögum og gerðir samningar afturkallaðir og þeir sem enn voru ósamþykktir gengju ekki eftir. Framleiðsluráð landbúnaðarins samþykkti, þrátt fyrir mótmæli, síðari tvo samningana og kærðu stefnendur þá ákvörðun til úrskurðarnefndar greiðslumarks skv. lögum nr. 99/1993. Nefndin úrskurðaði hins vegar að salan skyldi halda gildi sínu.

Með bréfi dagsettu 13. nóvember 1998 óskuðu stefndu Ágúst og Ásgerður eftir því við landbúnaðarráðuneytið að þeim yrði heimilað að leysa til sín eignarhluta stefnenda og bræðra þeirra. Það mál er enn til meðferðar hjá ráðuneytinu.

III.

Málsástæður og lagarök stefnenda.

Stefnendur byggja kröfur sína á því, að þeir séu þinglýstir eigendur að lögþýlinu Geitaskarði, þar sem þeir eigi hvor um sig 4,1667% í öllum mannvirkjum sem þar eru svo og í óræktuðu landi og laxveiðiréttindum.

Stefnendur segja að með sama hætti og ábúandi jarðarinnar, stefndi Ágúst, fékk samþykki allra sameigenda sinna fyrir veðlánnum á lögþýlið á hverjum tíma, hafi honum einnig skilyrðislaust, samkvæmt 46. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu og verðlagningu og sölu á búvörum og 2. gr. reglugerðar nr. 363/1996, borið að fá samþykki allra þinglýstra eigenda fyrir sölu á greiðslumarki mjólk-

urframleiðslu. Stefnendur halda því fram að greiðslumarkið sé bundið við lögbýlið og þar með eigi eigendur jarðarinnar það en ekki ábúandi skv. 46. gr. nefndra laga nr. 99/1993.

Stefnendur byggja á því að heimildin til að framleiða mjólk á umræddu lögbýli hafi fylgt jörðinni frá ómunatíð og þau hlunnindi hafi gengið milli kynslóða í árunna rás. Nú sé hins vegar svo komið að bannað sé að framleiða mjólk á lögbýlum eftir að mjólkurkvótinn hefur verið seldur þaðan. Með því að heimila sölu mjólkurkvótans frá Geitaskarði rýrni verðgildi jarðarinnar sem því nemur og þar með verðmæti eignarhluta stefnenda. Mjólkurkvótann sé auðvelt að meta til fjár því hann hafi verið seldur fyrir 8.379.455 krónur. Stefnendur byggja enn fremur á því, að stefndi Ágúst hafi með ólögsmætum hætti selt mjólkurkvótann og þar með rýrt eignarhluta þeirra.

Stefnendur kveða stefnda Framleiðsluráð landbúnaðarins hafa komið að málinu með þeim hætti að samningar um sölu greiðslumarks áttu ekki að taka gildi fyrr en við samþykki þess. Með samþykki sínu á sölunni hafi ráðið með beinum hætti skaðað stefnendur en það ásamt landbúnaðar- og fjármálaráðuneytum beri fjárhagslega ábyrgð á framkvæmd laganna.

Þá reisa stefnendur kröfur sínar einnig á því, að úrskurður úrskurðarnefndar greiðslumarks frá 12. janúar 1998 hafi aðallega verið byggður á fullyrðingum stefnda Ágústs um að hinn umdeildi framleiðsluréttur hafi átt rót sína að rekja til framleiðslu hans á þeim hlutum jarðarinnar, sem tilheyrðu honum einum. Stefndi hafi hins vegar í innlausnarbeiðni sinni fullyrt að hann hafi stundað landbúnað á allri jörðinni allt frá áramótum 1982, nýtt öll tún og allt land til beitar að frátalinni eins til tveggja hektara spildu undir sumarhús. Hér sé stefndi Ágúst kominn í mótsögn við sjálfan sig enda henti honum í innlausnarmálinu að halda öðru fram en hann hefur áður gert til þess eins að ná takmarki sínu gagnvart stefnendum. Stefnendur halda því fram að úrskurðarnefndinni hafi borið að kalla eftir sönnunum frá stefnda Ágústi þegar hann hélt þessari staðhæfingu sinni fram. Það hafi hún hins vegar ekki gert og svipt stefnendur eignarrétti sínum. Sönnunarbyrðin fyrir fullyrðingum sem þessari hljóti að vera hjá stefnda Ágústi og þar sé hún enn í dag. Stefndi Ágúst hafi aldrei mótmælt því að stefnendur ættu hlut í mannvirkjum, fjósi, fjóshlöðu, súrheysturni við fjós, rafstöð eða því að stefnendur ættu hlut af heyfeng sem tekinn er af útskiptu túni. Með röksemdum í innlausnarbeiðni sinni sem áður er getið hafi stefndi Ágúst viðurkennt að hann hafi nýtt meira en sinn part jarðarinnar til mjólkurframleiðslu, raunar hafi hann viðurkennt að hafa notað eignarhluti stefnenda við mjólkurframleiðsluna.

Stefnendur vísa máli sínu til frekari stuðnings til 72. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944. Stefndi Ágúst reyni með háttsemi sinni og með atbeina stefnda Framleiðsluráðs landbúnaðarins að svipta stefnendur eignarréttindum sínum sem séu

með nefndu ákvæði stjórnarskrár friðhelg. Í nefndum lögum nr. 99/1993, 46. gr., sé tekið undir verndun eignarréttarins en þar sé kveðið svo á að samþykki allra eigenda þurfi til að selja greiðslumark frá lögþýli. Með sölnni hafi stefndi Ágúst selt burt af jörðinni verðmæti sem verður ekki heimilt að nota þar í náninni framtíð nema með því að kaupa þau aftur. Þessa skerðingu á eignarrétti sínum telja stefnendur sig ekki þurfa að þola.

Stefnendur telja stefnda Framleiðsluráð landbúnaðarins hafa beitt sig vald-niðslu með því að samþykkja sölusamningana. Sérstaklega eftir að ráðinu varð kunnugt um andstöðu þeirra við sölnu og aðvaranir um bótaskyldu ráðsins. Síðan hafi úrskurðarnefnd greiðslumarks staðfest valdniðslu stefnda Framleiðsluráðs með því að leggja sönnunarbyrði í málinu á þá sem til stóð að svipta eignarréttindum. Af þessum sökum beri úrskurðarnefndin sem stjórnvald í for-svari og í skjóli landbúnaðarráðuneytisins ábyrgð á því lögbroti sem framið var á stefnendum máls þessa.

Rökstuðningur fyrir varakröfu.

Stefnendur byggja varakröfu sína á því, að stefndi Ágúst hafi ráðstafað eignarréttindum sameigenda sinna heimildarlaust og skaðann sem af því hlaut beri honum að bæta að fullu. Fjárhæð tjónsins miðist við það verð er stefndi fékk fyrir greiðslumarkið eða það verð sem hægt var að fá fyrir greiðslumark mjólkur á hverjum tíma. Stefnendur segja kröfu sína vera kröfu um skaðabætur utan samninga vegna sannanlegs tjóns sem stefndi Ágúst olli stefnendum með atbeina og samþykki stefnda Framleiðsluráðs landbúnaðarins og síðar rangri niðurstöðu úrskurðarnefndar greiðslumarks. Stefndi Ágúst verði að svara til vanheimildar sinnar, þar sem hann með saknæmum hætti og af ásetningi seldi eignarréttindi stefnenda. Stefnu Framleiðsluráð landbúnaðarins og úrskurðarnefnd greiðslumarks studdu þessar ólögmætu athafnir stefnda Ágústs þrátt fyrir hörð mótmæli og aðvaranir um bótaábyrgð. Af þessum sökum beri þau ásamt stefnda Ágústi skaðabótaábyrgð gagnvart stefnendum samkvæmt sakarreglu íslensks skaðabótaréttar.

Stefnendur miða kröfu sína við að hver lítri greiðslumarks í mjólk hafi verið seldur á 155 krónur. Vaxtareikningur miðast við að gjalddagar krafanna hafi verið sama dag og Framleiðsluráð landbúnaðarins samþykkti aðilaskiptin.

Varðandi lagarök vísa stefnendur til meginreglna kröfuréttarins og íslensks skaðabótaréttar, t.d. culpa-reglunnar. Laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, t.d. 46. gr. og 42. gr. sbr. breytingarlög nr. 124/1995, og reglugerðar nr. 363/1996. Til stjórnarskrár lýðveldisins nr. 33/1944, sbr. breytingarlög nr. 97/1995, t.d. 72. gr. Kröfu um málskostnað byggja þeir á XXI. kafla laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt er reist á lögum nr. 50/1988 en stefnandi Jón Brynjólfsson er ekki virðisaukaskattsskyldur.

Málsástæður og lagarök stefndu Ágústs og Ásgerðar.

Í greinargerð sinni vísa stefndu til þess að stefnendur krefjast bæði ógildingar og riftunar á samningum um sölu greiðslumarks. Pennan málatilbúnað telja þeir fara í bága við ákveðin ákvæði laga um meðferð einkamála. Stefnendur hafa nú fallið frá kröfu um riftun samninganna og verður því ekki í máli þessu fjallað um þessa málsástæðu stefndu eða aðrar málsástæður er snúa að riftun samninganna.

Stefndu byggja kröfu sína um sýknu á því, að jörðinni hafi verið skipt, sbr. áður nefndan land- og eignaskiptasamning frá 18. desember 1982. Samkvæmt þeim samningi hafi sameign um jörðina verið slitið og fjórðungi hennar skipt út. Af þeim fjórðungi eigi stefnendur nú sjötta part hvor. Stefndu kveðast hafa hagað búrekstri sínum og landbúnaðarframleiðslu í samræmi við þennan samning. Umrædd landskipti hafi átt sér stað fyrir setningu laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Framleiðsluréttur stefndu í mjólk á jörðinni eigi rót sína að rekja til landbúnaðarframleiðslu þeirra á þeim hluta jarðarinnar sem þeim tilheyri. Kúabúskapur og framleiðsla á mjólk hafi eingöngu verið rekin á þeirra parti jarðarinnar en hefyngur af tünnum í eigu stefndu hafi verið notaður fyrir hross og sauðfé. Þannig hafi stefndu lagt grunn að og skapað þau verðmæti sem greiðslumarkið var og þar með eigi þau verðmætin og enginn annar. Stefndu benda því á að stefnendur hefðu sjálfir getað verið með búskap á sínum parti jarðarinnar og þannig skapað sér greiðslumark hefðu þeir haft á því áhuga. Notkun stefndu á hinum útskipta hluta jarðarinnar hafi einungis verið til þess að halda honum við og án endurgjalds og þannig verið báðum aðilum hagstæður án þess að skapa stefnendum neinn rétt í greiðslumarki.

Stefndu benda á að aldrei hafi verið neinn ábúðarsamningur um hinn útskipta part jarðarinnar né heldur verið gerður samningur um skipti eða afnot á grundvelli land- og eignaskiptasamningsins frá 18. desember 1982. Af þessum sökum teljist stefnendur ekki ábúendur í skilningi ábúðarlaga nr. 64/1976 og reglugerða á sviði landbúnaðarins, sbr. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 363/1996 og 2. mgr. 47. gr. laga nr. 99/1993. Þó hugtökin ábúandi eða leiguliði séu ekki skýrð sérstaklega í ábúðarlögum megi af þeim ráða að ábúandi öðlist réttindi sem slíkur og beri skyldur á grundvelli byggingarbréfs en í 4. gr. ábúðarlaga komi fram hvað skuli tilgreint í byggingarbréfi.

Stefndu byggja kröfur sínar einnig á því, að stefnendur hafi ekki af því neina hagsmuni að samningar um sölu greiðslumarks verði ekki látnir standa óbreyttir þar sem þeir eigi og hafi aldrei átt neinn hlut í mjólkurframleiðslunni. Þeir séu hins vegar með framferði sínu að reyna að knýja stefndu til að halda áfram óarðbærri mjólkurframleiðslu og koma þannig í veg fyrir eðlilega búháttarbreytingu. Jafnframt benda þeir á að aðrir sameigendur eða fjórir af sex styðji ekki þessa málshöfðun stefnenda.

Með hliðsjón af því sem að framan er rakið telja stefndu að þeim hafi ekki borið að leita samþykkis stefnenda við sölu greiðslumarksins þar sem þeir hafi haft fulla heimild til að ráðstafa því eins og þeim þótti best henta. Pennan skilning þeirra hafi úrskurðarnefnd samkvæmt 42. gr. búvörulaga staðfest með úrskurði sínum.

Stefndu telja jafnframt að þó tekin verði afstaða til aðalkröfu stefnenda og þeirri kröfu hafnað þá geti krafa þeirra um skaðabætur ekki komið til álita þar sem niðurstaðan varðandi aðalkröfuna fæli í sér að aðgerðir og háttsemi stefndu hefðu ekki farið gegn lögum.

Stefndu byggja á því varðandi varakröfu stefnenda að stefnendur verði að sýna fram á og sanna saknæma og ólögmæta háttsemi stefndu þar sem krafan sé sett fram sem skaðabótakrafa utan samninga. Stefndu hafna því að skilyrði séu til þess að dæma stefnendum skaðabætur úr þeirra hendi þar sem skilyrði sakarreglunnar séu ekki fyrir hendi. Sala greiðslumarksins teljist ekki saknæm. Stefndu benda í þessu sambandi á sömu rök og áður hafa komið fram varðandi hvernig greiðslumarkið varð til með landbúnaði þeirra. Jafnframt því sem áður er getið að hinn útskipti hluti jarðarinnar hafi ekki verið notaður til mjólkurframleiðslu og þar hafi stefnendur ekki verið ábúendur í skilningi laga, þá ítreka stefndu að stefnendur hefðu getað með eigin búskap skapað sér réttindi með nýtingu á sínum parti jarðarinnar. Með vísan til þessa telja stefndu að háttsemi þeirra geti ekki talist saknæm.

Stefndu benda einnig á að sala greiðslumarksins hafi verið í samræmi við ákvæði búvörulaga og reglugerðar nr. 363/1996 og þar með hafi háttsemi þeirra ekki verið andstæð lögum. Þá benda þeir á að í málinu sé þess ekki krafist að úrskurður úrskurðarnefndar sem áður hefur verið nefndur verði felldur úr gildi. Úrskurður nefndarinnar, fjölskipaðrar stjórnarsýslunefndar, sem löggjafinn hefur falið að leysa úr ágreiningi um skráningu á greiðslumarki í stað ráðherra, standi þar til honum hafi verið hnekkð af dómstólum. Hér verði því að leggja úrskurðinn til grundvallar. Niðurstaða úrskurðarins hafi í stuttu máli verið sú að stefndu hafi ekki borið að leita eftir samþykki stefnenda við ráðstöfun á greiðslumarkinu og þar með hafi verið staðfest að háttsemi stefndu hafi ekki farið gegn lögum og reglum. Þar af leiði að háttsemin geti ekki bakað þeim bótaskyldu.

Loks benda stefndu á að stefnendur hafi ekki lagt fram nein gögn varðandi meint tjón sitt og ekki kvatt til matsmenn til að meta það. Því mótmæla stefndu örökstuddum staðhæfingum stefnenda.

Þrautavarakröfu sína um lækkun skaðabóta byggja stefndu á sömu rökum og áður hafa komið fram. Upphafstíma dráttarvaxta er mótmælt sérstaklega.

Hvað lagarök varðar vísa stefndu til d-liðar 1. mgr. 180. gr. laga um meðferð einkamála nr. 19/1991 hvað frávísunarkröfuna varðar. Krafa um sýknu er studd meginreglum samninga- og kröfuréttar um skuldbindingargildi samninga og

réttar efndir. Einnig er vísað til 42. og 46. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, auk reglugerðar nr. 363/1996. Þá er og vísað til 4. gr. ábúðarlaga nr. 65/1976 og 16. gr. laga nr. 50/1988. Krafa um málskostnað er reist á XXI. kafla nefndra laga um meðferð einkamála.

Málsástæður og lagarök stefndu Gróu M. Lárusdóttur.

Stefnda Gróa byggir kröfu sína um frávísun á því, að stefnendur eigi fjórðung af lögbylínu Geitaskarði í óskiptri sameign með fjórum bræðrum sínum. Samkvæmt 2. mgr. 18. gr. laga nr. 91/1991 skuli þeir sem eiga óskipt réttindi sækja mál í sameiningu. Sé það ekki gert og krafa höfð upp um hagsmuni einhvers þeirra sem ekki eiga aðild að málinu beri að vísa því frá dómi. Að mati stefndu bar að réttargæslustefna þeim sameigendum sem ekki vildu vera meðal stefnenda máls þessa og þannig gefa þeim kost á að gæta réttar síns í máli þessu.

Varakröfu sína um sýknu byggir stefnda á því, að hún sé ekki aðili máls þessa og aðildarskortur leiði til sýknu, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga um meðferð einkamála nr. 19/1991. Mál þetta lúti að lögskiptum stefnenda og fjögurra sameigenda þeirra annars vegar og hins vegar stefndu Ágúst og Ásgerðar og hugsanlega Framleiðsluráðs landbúnaðarins og landbúnaðar- og fjármálaráðuneytis. Lögskipti stefndu hafi verið við stefndu Ágúst og Ásgerði en hún hafi hins vegar engin lögskipti átt við stefnendur máls þessa og þar með geti hún ekki talist aðili máls.

Stefnda kveður að henni hafi ekki verið kunnugt um, þegar kaup hennar á greiðslumarkinu fóru fram, að stefndu Ágúst og Ásgerður ættu Geitaskarð í sameign með fleiri aðilum. Henni hafi heldur ekki borið að kynna sér sérstaklega hvernig eignarhaldi jarðarinnar var háttað áður en hún keypti umrætt greiðslumark. Hafi stefndu Ágúst og Ásgerður farið út fyrir heimildir sínar með sölu greiðslumarksins sé það henni algerlega óviðkomandi og af þeim sökum beri stefnendum að beina kröfum sínum að þeim en ekki henni. Þá bendir stefnda Gróa á, að jafnvel þó henni hefði verið kunnugt um eignarhald stefnenda á hluta jarðarinnar hafi það ekki verið í hennar verkahring að sjá til þess að allir eigendur jarðarinnar samþykktu söluna. Seljandi greiðslumarksins beri ábyrgð á því að ráðstöfun þess hafi verið heimil. Samkvæmt þessu telur stefnda að hún geti á engan hátt orðið aðili að deilumálum stefnenda við meðstefndu Ágúst og Ásgerði og því beri að sýkna hana af öllum kröfum stefnenda.

Prautavarakröfu sína styður stefnda Gróa þeim rökum að ekki sé unnt að ógilda stærri hluta samninganna en nemi eignarhlut stefnenda en þeir hafi ekki heimild til að krefjast ógildingar umfram eignarhlut sinn. Þetta viðurkenni þeir í raun í varakröfu sinni þar sem þeir krefjast bóta í samræmi við eignarhlut sinn í jörðinni. Þar með sé ekki unnt að ógilda sölu á meira en 8,33% af því greiðslumarki sem stefnda keypti.

Hvað lagarök að baki aðalkröfu sinni varðar vísar stefnda Gróa til 2. mgr. 18. gr. laga um meðferð einkamála og almennra reglna um skýrleika málatilbúnaðar, sbr. d-lið 1. mgr. 80. gr. sömu laga. Til stuðnings varakröfu sinni vísar stefnda til 2. mgr. 16. gr. einkamálalaga. Prautavarakröfu sína reisir stefnda á almennum reglum samninga- og kröfuréttar um skuldbindingargildi samninga og almennra reglna um heimildir manna til að krefjast ógildingar á samningum. Krafa um málskostnað er byggð á 1. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála og krafa um virðisaukaskatt á lögum nr. 50/1988.

Málsástæður og lagarök stefndu Óskars E. Ólafssonar, Glaumbæjar ehf. og Brynjólfs Friðrikssonar.

Stefndu Óskar, Brynjólfur og Glaumbær ehf. reisa allar kröfur sínar, málsástæður og lagarök á sömu sjónarmiðum og stefnda Gróa sem þegar hafa verið rakin hér að framan.

Málsástæður og lagarök stefnda Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Við munnlegan flutning um frávísunarkröfu annarra stefndu lýsti stefndi Framleiðsluráð landbúnaðarins því yfir að hann styddi samstefndu um frávísun málsins en taldi jafnframt að vísa beri málinu frá dómi án kröfu.

Aðalkröfu sína um sýknu reisir stefndi á því, að með nefndum lands- og eignaskiptasamningi hafi jörðinni Geitaskarði verið skipt eftir ákveðnum kennileitum. Faðir stefnenda hafi átt hinn útskipta part en nú eigi stefnendur hann ásamt fjórum bræðrum sínum. Peningshús og önnur útihús skyldu skiptast eftir eignarhlutföllum. Byggt er á því, að bú hafi ekki verið rekið á hinum útskipta hluta og stefnendur hafi aldrei framleitt neina mjólk á jörðinni eða leigt með stefnda Ágústi landsnyttjar eða eignarhlut í útihúsum.

Stefndi Ágúst hafi rekið bú á sínum hluta jarðarinnar og greiðslumark lögbýlisins hafi verið skráð á hans nafn sem og fullvirðisréttur og búmark samkvæmt eldri reglum. Þannig eigi greiðslumaekið rætur að rekja til eignarhluta stefnda Ágústs enda hafi hann ekki verið ábúaandi á hinum útskipta hluta. Byggir stefndi Framleiðsluráð á því ekki hafi þurft samþykki stefnenda fyrir sölu á greiðslumarkinu.

Stefndi bendir á að ákvæði 46. gr. laga nr. 99/1993, sbr. nú 47. gr., mæli fyrir um að sé ábúandi lögbýlis annar en eigandi þurfi samþykki beggja til flutnings á greiðslumarki. Á því er bygggt, að þegar lögbýli sé í óskiptri sameign fari um heimild eigenda til ráðstöfunar samkvæmt almennum reglum um óskipta sameign. Þetta sé staðfest í nefndum skiptasamningi jarðarinnar. Samkvæmt almennum reglum geti meirihluti sameigenda tekið ákvörðun um ráðstafanir um hagnýtingu eignar. Hér hafi háttað svo til að þegar aðilaskipti á greiðslumarkinu voru samþykkt hafi legið fyrir samþykki eigenda 83,34% hluta jarðarinnar.

Í tilfelli þessu hafi því legið fyrir að eigendur mikils meirihluta jarðarinnar hafi séð sér hag í því að ráðstafa greiðslumarki mjólkur frá jörðinni. Ljóst hafi verið að til að halda mjólkurframleiðslu áfram á jörðinni hafi þurft að ráðast í miklar endurbætur á húsum til mjólkurframleiðslu. Af þeim sökum hafi stór meirihluti eigenda talið vænlegra að hætta framleiðslu. Með þessar aðstæður í huga hafi þótt rétt að staðfesta aðilaskiptin sem uppfylltu skilyrði laga nr. 93/1993 og reglugerða settra með stoð í þeim.

Stefndi mótmælir alfarið að hann hafi með ákvörðun sinni brotið gegn ákvæði 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands enda hafi hann ekki tekið neina afstöðu til ágreinings um hugsanlega hlutdeild einstakra eignaraðila í andvirði greiðslumarksins. Þá bendir stefndi á að það sé ekki brot á vernduðum eignarrétti að minnihluti sameigenda þurfi að sæta ákvörðun meirihlutans um ráðstöfun eignarinnar.

Stefndi mótmælir sérstaklega að einhver valdníðsla hafi átt sér stað við meðferð málsins enda hafi stefnendur engin rök fært fyrir þeirri fullyrðingu sinni.

Stefndi vísar varakröfu stefnenda alfarið á bug með þeim rökum að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu ekki fyrir hendi við framsal greiðslumarksins. Stefnendur hafi ekki sýnt fram á í hverju ólögmæti eða saknæmi stefnda sé fólgið. Þá vanti einnig orsakasamband milli ákvörðunar stefnda og þess tjóns sem stefnendur telja sig hafa orðið fyrir. Uppgjör sameigenda jarðarinnar sé honum algjörlega óviðkomandi og hann hafi ekki valdið stefnendum neinu tjóni. Loks mótmælir stefndi Framleiðsluráð tjóni stefnenda sem ósönnuðu en sönnunarbyrðin um tjónið og umfang þess hvíli á stefnendum.

Hvað varðar varakröfu sína um lækkan krafna bendir stefndi á að umfang tjónsins sé ósannað en vísar að öðru leyti til rökstuðnings gegn varakröfu stefnenda.

Hvað lagarök varðar vísar stefndi Framleiðsluráð landbúnaðarins til laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og reglugerða settra með stoð í þeim. Þá vísar hann og til meginreglna kröfuréttar, eignarréttar og skaðabótaréttar. Kröfu um málskostnað byggir stefndi á 130. gr. laga um meðferð einkamála.

Málsástæður og lagarök stefndu landbúnaðar- og fjármálaráðherra.

Stefndu byggja á því, að með lögum nr. 99/1993 hafi Framleiðsluráði landbúnaðarins verið falið að fara með ákvörðunarvald af hálfu stjórnvalda í málum er líta að aðilaskiptum vegna greiðslumarks. Úrskurðarnefnd samkvæmt 42. gr. laga nr. 99/1993 er sjálfstæður og óvilhallur úrskurðaraðili á stjórnsýslustigi og úrskurðum nefndarinnar verði ekki skotið til ráðherra. Stefndu landbúnaðar- og fjármálaráðherrar séu ekki aðilar að þeim samningum sem aðalkrafa stefnanda um ógildingu lúti að. Þeir hafi ekki frekar en úrskurðarnefndin neinna lögvarðra

hagsmuna að gæta um afdrif samninganna. Því sé engin réttarnauðsyn að gefa þeim kost á að láta til sín taka dómsmál sem miða að því að hnekkja úrskurði úrskurðarnefndar um greiðslumark. Skortur á lögvörðum hagsmunum stefndu leiði til þess að kröfum á hendur þeim beri að vísa frá dómi.

Þá beri að benda á að varakrafa stefnenda sé vanreifuð og óljós. Í því sambandi gildi einu hvort lítið er til efnislegra skilyrða fyrir áfalli bótaskyldu eða reifunar ætlaðs bótaskylds tjóns. Varakrafa þessi komi ekki til álita nema aðalkröfu stefnenda sé hafnað. Ef svo fari sé ljóst að fullyrðingar stefnenda um ranga niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar standist ekki.

Stefndu byggja varakröfu sína um sýknu á því, að þeir séu ekki aðilar að málinu og því verði með vísan til 2. mgr. 16. gr. laga um meðferð einkamála að sýkna þá af kröfum stefnenda. Þeir séu ekki, eins og að framan er rakið, aðilar að þeim samningum sem aðalkrafa stefnenda um ógildingu á lýtur að.

Bótakröfu stefnenda er alfarið hafnað. Stefndu benda á að landbúnaðarráðuneytið hafi ekki og gæti ekki að lögum komið með neinum hætti að málinu varðandi aðilaskipti að greiðslumarki skv. lögum nr. 99/1993. Úrskurður úrskurðarnefndar um greiðslumark liggja fyrir og rökstuðningur nefndarinnar komi fram þar. Stefndur hafi ekki sýnt fram á að nefndin, sem eingöngu kom að málinu sem óháður úrskurðaraðili, hafi sýnt af sér ólögmæta og saknæma háttsemi við meðferð málsins og túlkun réttarheimilda sem leitt gæti til bótaskyldu ríkisins. Því er mótmælt að nefndin hafi með úrskurði sínum bakað stefnendum eitthvert tjón. Ekkert orsakasamband eða vávæni sé milli úrskurðar nefndarinnar og þess tjóns sem stefndur byggja kröfugerð sína á. Gildi úrskurðarins sé unnt að bera undir dómstóla eins og hér hafi verið gert. Auk þess sé sérstaklega tekið fram í úrskurðinum að það falli utan valdsviðs nefndarinnar að skera úr ágreiningi um hvort stefndur hafi átt einhverja hlutdeild í greiðslumarki því sem meðstefndi Ágúst seldi. Því sé ósannað að stefndur hafi orðið fyrir einhverju tjóni sem rakið verði til úrskurðarins.

Til þrautavara mótmæla stefndu bótakröfum stefnenda sem allt of háum og einnig er kröfum stefnenda um dráttarvexti og upphafstíma vaxta mótmælt.

IV.

Niðurstaða.

Fyrir liggur að stefndur krefjast nú aðallega ógildingar á sölu greiðslumarks í mjólk frá lögbýlinu Geitaskarði en hafa fallið frá kröfu um riftun samninganna.

Óumdeilt er að stefndur eiga hvor um sig einn sjötta af útskiptum fjórðungi jarðarinnar Geitaskarðs í óskiptri sameign með fjórum bræðrum sínum sem ekki eru aðilar að máli þessu. Stefndur reyndu, með sakaukastefnu, að gera sameigendur sína aðila að málinu en þeirri stefnu var vísað frá dómi.

Meðal gagna þessa máls er úrskurður úrskurðarnefndar greiðslumarks frá 12. janúar 1998. Í þeim úrskurði kemur fram að fyrir liggi í bréfi frá Framleiðsluráði landbúnaðarins að tveir bræðra stefnenda hafi skriflega lýst sig samþykka aðilaskiptum að greiðslumarkinu. Þessa fullyrðingu er einnig að finna í greinargerð stefnda Framleiðsluráðs og hefur henni ekki verið mótmælt. Dómkröfur stefndu, bræðra stefnenda, í sakaukamálinu voru þær aðallega að málinu yrði vísað frá dómi en til vara kröfðust þeir sýknu. Bendir þessi afstaða þeirra eindregið til þess að þeir vilji ekki láta mál þetta til sín taka.

Með því að fallast á aðalkröfu stefnenda og ógilda margnefnda samninga um sölu á greiðslumarki mjólkur frá Geitaskarði yrðu allir sameigendurnir aftur eigendur að greiðslumarkinu, að því gefnu að greiðslumarkið fylgi jörðinni. Þessi niðurstaða er ótæk fyrir þá sameigendur sem ekki standa að máli þessu og vilja ekki láta það til sín taka og hafa auk þess ekki haft uppi neina kröfur í þessa átt. Með vísan til þessa og 2. mgr. 18. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 ber þegar af þessari ástæðu að vísa aðalkröfu stefnenda frá dómi.

Varakröfu sinni beina stefnendur að stefndu Ágústi, Ásgerði, Framleiðsluráði landbúnaðarins og landbúnaðar- og fjármálaráðherrum. Þessa kröfu geta stefnendur haft uppi án samaðildar sameigenda sinna enda krefjast þeir hér einungis skaðabóta sem þeir byggja á eignarhluta sínum í jörðinni. Efnisleg niðurstaða um þessa kröfu hefur engin áhrif á réttarstöðu sameigenda þeirra.

Fallast ber á með stefndu landbúnaðar- og fjármálaráðherrum að úrskurðarnefnd samkvæmt 42. gr. laga nr. 99/1993 sé sjálfstæður og óvilhallur úrskurðaraðili á stjórnarsýslustigi. Landbúnaðar- og fjármálaráðherrar hafi því enga þá lögvörðu hagsmuni af úrlausn þessa máls sem leitt geti til aðildar þeirra að málinu enda eru þeir ekki aðilar að samningum þeim sem krafist er ógildingar á. Því sé heldur engin réttarfarsnaðsyn að gefa þeim kost á að láta mál þetta til sín taka. Hér er og rétt að horfa til þess að telja verður stefnda Framleiðsluráð landbúnaðarins sjálfstæðan stjórnarsýsluaðila sem, eins og reynt hefur á í fjölda dóma, getur verið aðili máls án þess að landbúnaðarráðherra sé aðili þess máls. Ber því að vísa kröfum stefnenda á hendur landbúnaðar- og fjármálaráðherrum frá dómi.

Stefnda Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur ekki krafist frávísunar málsins og þó aðalkröfu stefnenda hafi verið vísað frá þá stendur varakrafan eftir en ekki eru fyrir hendi skilyrði sem leiða til þess að þeirri kröfu beri að vísa frá dómi án kröfu.

Stefndu Ágúst og Ásgerður krefjast aðallega frávísunar á aðalkröfu stefnenda og sýknu af varakröfu þeirra. Til vara krefjast þeir lækkunar á skaðabótakröfum. Samkvæmt þessu er ekki gerð krafa um frávísun á varakröfu stefnenda en hér eru eins og áður er getið ekki fyrir hendi atvik sem leiða til þess að skaðabótakröfunni beri að vísa frá dómi án kröfu.

Samkvæmt því sem hér að framan er rakið ber að taka varakröfu stefnenda til efnislegrar meðferðar á hendur stefndu Framleiðsluráði landbúnaðarins, Ágústi Sigurðssyni og Ásgerði Pálsdóttur.

Með hliðsjón af niðurstöðu málsins þykir rétt að stefnendur greiði in solidum málskostnað sem hér segir, stefndu Gróu M. Lárusdóttur 50.000 krónur, stefndu Glaumbæ ehf., Óskari E. Ólafssyni og Brynjólfi Friðrikssyni sameiginlega 50.000 krónur og landbúnaðar- og fjármálaráðherrum sameiginlega 50.000 krónur. Málskostnaður milli annarra bíður efnisdóms.

Halldór Halldórsson dómstjóri kveður upp dóm þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Aðalkröfu stefnenda, um ógildingu á samningum um sölu á 54.061 lítra greiðslumarki í mjólk frá lögbýlinu Geitaskarði í Engihlíðarhreppi, er vísað frá dómi.

Varakrafa stefnenda um skaðabætur úr hendi Framleiðsluráðs landbúnaðarins, Ágústs Sigurðssonar og Ásgerðar Pálsdóttur sæti efnismeðferð.

Stefnendur greiði in solidum málskostnað sem hér segir, stefndu Gróu M. Lárusdóttur 50.000 krónur, stefndu Glaumbæ ehf., Brynjólfi Friðrikssyni og Óskari E. Ólafssyni samtals 50.000 krónur og stefndu landbúnaðar- og fjármálaráðherrum samtals 50.000 krónur.

Ákvörðun málskostnaðar milli annarra aðila bíður efnisdóms.
